



Rykþaktir farvegir á Tharsis Tholus

ESP_033565_1945



HIGH RESOLUTION IMAGING
SCIENCE EXPERIMENT
UAHIRISE.ORG/IS



Tharsis Tholus er ein af litlu dyngjunum á Parsisbungunni stóru á Mars. Þessi dyngja er að mestu leyti hulin mjög þykku lagi (eða þekju) úr lausu efni. Þetta er líklega sama ryk og finnst út um allt á Mars. Ryk safnast fyrir á eldfjöllunum háu vegna þess að í þessari hæð er lofthjúpurinn þunnur svo erfitt er að flytja rykið burt eftir að það hefur sest niður eftir hnattræna rykstorma.

Aska, sem kom frá eldfjöllunum sjálfum, gæti verið önnur ástæða fyrir mikilli þykkt þekjunnar á þessum slóðum.